

Reglugjörð

86
31. okt.

um

breyting á reglugjörð 21. maí 1908 um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum og reglugjörðum um viðauka við nefnda reglugjörð.

Í stað 1. gr. í reglugjörð 21. maí 1908 um meðferð á póstsendingum til eða frá stjórnarvöldum og sveitar- eða bæjarstjórnnum komi:

»Stjórnarvöld þau, sem getur um í 12. gr. sbr. 14. gr. í póstlögnum, eru sem nú skal greina:

Stjórnarráðið.

Hagstofustjóri.

Ríkisfjehirðir.

Hæstirjettur.

Bæjarfógetar, lögreglustjórar og sýslumenn.

Skattanefndir.

Umboðsmenn þjóðjarða.

Landlæknir.

Hjæraðslæknar.

Heilsuhællslæknirinn.

Geðveikralæknirinn.

Holdsveikralæknirinn.

Dýralæknar.

Aðalpóstmeistari.

Póstmeistarar.

Póstafgreiðslumenn, sem veita pósthúsi forstöðu.

Landssímastjóri.

Forstjórar landsímastöðvanna:

á Akureyri, Borðeyri, Ísafirði, Seyðisfirði, Siglufirði, Stykkishólmi og Vestmannaeyjum.

Vegamálastjóri.

Vitamálastjóri.

Skógræktarstjóri.

Forstöðumaður löggildingarstofunnar.

Biskup.

Prófastar.

Sóknarprestar.

Rektor háskólans.

Skólameistari við hinn almenna mentaskóla.

—»— — gagnfræðaskólann á Akureyri.

86
31. okt.

Skólastjóri kennaraskólans.
Skólastjórar bændaskólanna.
Fræðslumálastjóri.
Landsbókavörðnr.
Ríkisskjalavörður.
Þjóðmenjavörður«.

Síðasta málsgrein 3. greinar, önnur málsgrein 4. greinar, fjórða málsgrein 5. greinar, orðin í annari málsgrein 9. greinar, sem byrja með »og á þær« og það sem eftir er af málsgreininni, svo og öll 4. málsgrein falli burt.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, Reykjavík 31. október 1921.

Pjetur Jónsson.

S. Briem.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 4. nóv. 1921. Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

87
4. nóv.

fyrir

„Minningarsjóð hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum“.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er stofnaður með 2000 kr. gjöf hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum, skal bera nafn þeirra þannig, að hann heiti »Minningarsjóður hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar hreppstjóra á Brimilsvöllum«.

2. gr.

Ofan nefnd gjöf er nú þegar lögð inn á Sparisjóð Ólafsvíkur undir ofanskráðu nafni.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skal hann fyrst um sinn ávaxtast þangað til vextir eru orðnir 100 kr. í árlega vexti.